



Leiðbeiningar

Klínískar tilkynningar smitsjúkdóma til sóttvarnalæknis

Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir

Leiðbeiningar til lækna, forstöðumanna rannsóknarstofa, sjúkradeilda og annarra heilbrigðisstofnana varðandi smitsjúkdóma sem eru tilkynningarskyldir til sóttvarnalæknis skv. sóttvarnalögum [nr. 19/1997](#) og reglugerð [nr. 221/2012](#)

1. Um skyldur lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna (9. gr. sóttvarnalaga):

„Læknir, sem kemst að því í starfi sínu að einstaklingur hefur smitast af smitsjúkdómi sem samkvæmt lögum þessum er tilkynningarskyldur eða hefur grun um að svo sé, skal þegar í stað tilkynna það sóttvarnalækni. Hliðstæð skylda hvílir á forstöðumönnum rannsóknastofa, sjúkradeilda og annarra heilbrigðisstofnana. Rannsóknarstofur, sem fást við rannsóknir á sýnum frá sjúklingum með smitsjúkdóma sem lög þessi taka til, skulu hafa starfsleyfi ráðherra.“

Tilgreint er hvaða sýkingar og sjúkdómsvaldar eru tilkynningarskyldir í [reglugerð um skýrslugerð vegna sóttvarna nr. 221/2012](#). Suma sjúkdóma nægir að rannsóknarstofa tilkynni um en aðra þarf að tilkynna með persónugreinanlegum upplýsingum fyrir hvert tilfelli á [sérstöku eyðublaði fyrir tilkynningarskylda sýkinga](#). Eyðublaðið er aðgengilegt í sjúkraskrárkerfi Sögu og einnig á [vef embættis landlæknis/eyðublöð](#) (undir Sóttvarnir og smitsjúkdómar). Útfyllt eyðublaðið er svo sent á öruggan máta í gegnum vefgátt með [Signet transfer](#), sbr. [leiðbeiningar](#).

Tilkynningar frá rannsóknarstofu eru oftast ekki nóg þar sem margir tilkynningarskyldir sjúkdómar eru greindir á grundvelli klínískra einkenna og sögu eða með hliðsjón af öðrum rannsóknarniðurstöðum sem eru ekki alltaf tilkynntar til sóttvarnalæknis (s.s. vefjagreining, myndgreining o.fl.). Klínískar upplýsingar eru einnig nauðsynlegar þegar grípa þarf til opinberra sóttvarnaráðstafana skv. sóttvarnalögum. Klínískar upplýsingar geta einnig verið nauðsynlegar vegna tilkynningarskyldu sóttvarnalæknis gagnvart Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) og Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (ECDC).

Upplýsingar sem gott er að komi fram eru:

1. Heiti sjúkdóms eða sjúkdómsvalds og greiningarnúmer samkvæmt alþjóðlegu sjúkdóma- og dánarmeinaskránni sem gildir hverju sinni (ICD-10).
2. Hvenær, hvernig og hvaða sjúkdómsgreining eða greining sjúkdómsvalds var staðfest.
3. Persónuauðkenni og kyn hins sýkta.
4. Í hvaða sóttvarnaumdæmi hinn sýkti býr, þ.e. dvalarstaður.
5. Nafn tilkynnanda, læknisnúmer (ef á við), vinnustaður og dagsetning tilkynningar.

Þar að auki getur þurft að tilgreina (ef þekkt): **Smitleið, smitland, tímasetningu smits, tengsl við önnur sjúkdómstilfelli** og hvort smit**rakning** hafi verið gerð, allt eftir eðli sjúkdóms.

2. Rakning smitleiða og skyldur einstaklinga (7. gr. sóttvarnalaga):

„Ef lækni telur mikilvægt að rekja smit til að hefta frekari útbreiðslu þess ber sjúklingi skylda til að veita nauðsynlegar upplýsingar um það af hverjum hann gæti hafa smitast, svo og hverja hann kann að hafa smitað. Komi lækni á því ekki við, ber honum að vísa sjúklingi til göngudeildar skv. 1.mgr.16. gr., stofnunar eða annars aðila sem hefur aðstöðu til að rekja smit og hefur til þess heimild sóttvarnalæknis. Skyld er hlutaðeigendum að hlýða fyrirmælum læknis um nauðsynlegar rannsóknir til varnar útbreiðslu smits frá sjúklingi.“

Í rakningu smitleiða felst að finna þarf þá einstaklinga sem hafa verið í nánum samskiptum við tilfellið en þessir einstaklingar eru sjálfir mögulega einkennalausir. Þessir útsettu einstaklingar geta þurft að koma til læknis í skoðun og rannsókn á því hvort þeir eru smitaðir. Þeir geta einnig þurft meðferð. Sýkingar sem þarf að rekja eru yfirleitt sýkingar sem geta leynst einkennalausar um tíma og hætt er við að einstaklingur smiti þá aðra án þess að vita af hættunni sjálfur. **Í öllum tilvikum ber meðhöndlandi lækni ábyrgð á að gerð sé rakning smitleiða. Ef þörf krefur getur** lækni vísað smitakningu m.a. til viðkomandi göngudeildar þar sem reynsla er meiri vegna:

- Berkla
- Kynsjúkdóma (klamydía, lekandi, sárasótt, MPX veirusýking)
- Blóð og vessaborinna sjúkdóma (HIV-sýking/alnæmi, lifrabólga A, B og C).

Mögulegar matar- eða vatnsbornar hópsýkingar, eða óvenjulegar og/eða alvarlegar matar- eða vatnsbornar sýkingar, þar sem leita þarf uppsprettu innanlands þarf umdæmislæknir sóttvarna eða sóttvarnalæknir einnig að tilkynna heilbrigðiseftirliti viðkomandi svæðis sem sinnt getur rannsóknnum á vatni og/eða matvælum á vettvangi. Sjá [leiðbeiningar við rannsókn á matarbornum sjúkdómum](#).

Í ákveðnum tilvikum getur þurft að grípa til staðbundinna, útbreiddra eða jafnvel alþjóðlegra sóttvarnaráðstafana, s.s. ef bráðsmitandi sótt kemur upp í landinu sem hugsanlega getur breiðist út hérlendis eða jafnvel til annarra landa (t.d. mislingar, berklar eða meningókokkasjúkdómur í millilandaflugi). **Í slíkum tilfellum þarf að tilkynna atvikið samstundis til sóttvarnalæknis í vakt síma 510-1933 jafnvel þó staðfesting á sjúkdómsvaldi liggja ekki fyrir** en einnig þarf að tilkynna á fyrrgreindu eyðublaði þegar staðfesting liggur fyrir. Opinber viðbrögð í slíkum tilfellum eru á hendi sóttvarnalæknis og umdæmislækna sóttvarna.

Skilgreiningar:

Smitrakning: Þegar smit eru rakin á milli einstaklinga með nákvæmu samtali við þá sem eru smitaðir til að komast að því hvar viðkomandi smitaðist og hverja hann gæti hafa smitað, og önnur upplýsingaöflun í því skyni að finna þá sem kunna að hafa verið útsettir fyrir smiti.

Uppruni smits: Hvaðan og við hvaða aðstæður er uppruni smits. Getur átt við hvort smit hefur átt sér stað innanlands eða erlendis, og hvaðan smitið hafi borist t.d. frá dýrum, matvælum, vatnsbólíeða öðru.

Tilkynningarskyldur sjúkdómur	Greining sjúkdóms/sýkils og skýringar	Sérstök tilmæli varðandi tilkynningu til sóttvarnalæknis	þarf læknir sem greinir tilfelli að rekja smitleiðir? (smitrakning og/eða uppruni smits) <i>Sjá skilgreiningar á bls. 2</i>	þarf að tilkynna heilbrigðiseftirliti sveitarfélags?
Alnæmi (AIDS)	Klínísk greining sem byggir á einkennum og/eða öðrum sjúkdómsgreiningum sem ekki eru tilkynningarskyldar sérstaklega	Greiningarskilmerki alnæmis skv. evrópskum skilgreiningum þurfa að koma fram. Alnæmi þarf að tilkynna þótt HIV-sýking hafi áður verið tilkynnt. Ef HIV-smit var ekki þekkt áður þarf það að koma fram. Æskilegt að CD4 tala við greiningu HIV-sýkingar og alnæmis fylgi.	Já, smittrakning. Ef læknir sem greinir getur ekki framkvæmt smittrakningu er hann ábyrgur fyrir tilvísun á viðeigandi göngudeild (Göngudeild smitsjúkdóma Landspítala).	Nei
Bandormslirfusýking (cysticercosis)	Klínísk greining studd af myndgreiningu eða vefjagreiningu	Ferðasaga mikilvæg	Nei	Já, ef innlent smit
Barnaveiki (diphtheria)	Greining staðfest af rannsóknarstofu (<i>Cor. diphtheriae</i> ræktast með staðfestingu á eiturmyndun eða mótefnamæling hjá óbólusettum). Athugið að þeir sem starfa við matvæli mega ekki snúa aftur til starfa fyrr en að meðferð lokinni.	þarf að tilkynna í síma 5101933. Ferðasaga mikilvæg. Þarf að tilgreina hvort er öndunarfæra- eða húðsýking. Æskilegt að komi fram hvort einstaklingur hafi verið bólusettur við barnaveiki.	Já, smittrakning og uppruna smits. Smit innanlands eða erlendis? Meta þörf á bólusetningu og fyrirbyggjandi sýklalyfjagjöf.	Já, ef starfar í matvælaíðnaði eða dagvistun
Beinbrunasótt (dengue)	Klínísk greining studd af veirurannsókn	Ferðasaga mikilvæg	Nei	Nei

Tilkynningarskyldur sjúkdómur	Greining sjúkdóms/sýkils og skýringar	Sérstök tilmæli varðandi tilkynningu til sóttvarnalæknis	Þarf læknir sem greinir tilfelli að rekja smitleiðir? (smitrakning og/eða uppruni smits) <i>Sjá skilgreiningar á bls. 2</i>	Þarf að tilkynna heilbrigðiseftirliti sveitarfélags?
Berklar (tuberculosis)	Oft klínísk greining en byggir á sýklarannsókn, myndgreiningu, vefjagreiningu, o.fl.	Þarf að koma fram hvort eru lungnaberklar eða ekki. Þarf að tilgreina hvort er talið innlent eða erlent smit. Smit án einkenna = Dulið berklasmit er ekki tilkynningarskylt.	Já, smittrakning. Ef læknir sem greinir getur ekki framkvæmt smit-rakningu er hann ábyrgur fyrir tilvísun á viðeigandi göngudeild (Göngudeild smitsjúkdóma Landspítala, göngudeild sóttvarna Heilsugæslu höfuðborgar-svæðisins, umdæmislæknir sóttvarna þar sem sjúkl. býr). Leiðbeiningar um rakningu á duldu berklasmiti.	Nei
Blæðandi veiruhitasóttir (blæðandi veiruhitasóttir; Lassa, Ebóla og aðrar filóveirur, krímversk-kongósk veiruhitasótt (CCHF))	Greining staðfest af rannsóknarstofu í veirufræði. Þarf að hafa í huga viðeigandi viðbragðsáætlanir Landspítala og e.t.v. sóttvarnalæknis/almannavarna vegna hættu á smiti milli manna.	Ferðasaga nauðsynleg. Þarf að tilkynna tilfelli í síma 5101933 ef sterkur grunur vegna mögulegra alþjóðlegra áhrifa.	Já, smittrakning og uppruni smits. Smit innanlands eða erlendis og þá hvar? Smit úr umhverfi eða milli manna? Finna útsetta (Ebola, Lassa og blæðandi veiruhitasóttir geta allar smitast manna á milli).	Nei

Tilkynningarskyldur sjúkdómur	Greining sjúkdóms/sýkils og skýringar	Sérstök tilmæli varðandi tilkynningu til sóttvarnalæknis	Þarf læknir sem greinir tilfelli að rekja smitleiðir? (smitrakning og/eða uppruni smits) <i>Sjá skilgreiningar á bls. 2</i>	Þarf að tilkynna heilbrigðiseftirliti sveitarfélags?
Bólusótt (smallpox)	Klínísk greining studd af veiru- eða vefjarannsóknnum. Hafa þarf í huga viðeigandi viðbragðsáætlanir Landspítala og sóttvarnalæknis/almannavarna vegna hættu á tengslum við hryðjuverk.	Ferðasaga nauðsynleg. Þarf að tilkynna tilfelli í síma 5101933 ef sterkur grunur vegna mögulegra alþjóðlegra áhrifa. Æskilegt að komi fram hvort einstaklingur hafi verið bólusettur við bólusótt.	Já, smittrakning og uppruni smits í samráði við göngu-deild smitsjúkdóma Landspítala	Nei
Bótúlismi (botulism)	Klínísk greining, e.t.v. sýklarannsókn/eiturefni í saur	Neysla matvæla m.t.t. heimaniðursuðu og hunangs mikilvæg. Tengsl við hóp-sýkingu þurfa að koma fram ef við á.	Já, uppruni smits	Já, ef innlent smit og/eða hópsýking
Bráð sjúkdómseinkenni af völdum eitrefna og geislavirkra efna, sem geta ógnað almannaheill.	Klínísk greining sem byggir á rannsóknnum öðrum en sýklarannsóknnum. Hafa þarf í huga viðeigandi viðbragðsáætlanir Landspítala og sóttvarnalæknis/almannavarna.	Staðsetning atburðar nauðsynleg. Þarf að tilkynna tilfelli geislunar eða hópútsetningar í 112 ef sterkur grunur vegna almannavarnarviðbragða.	Nei, en hafa í huga aðstæður og einstaklinga vegna hugsanlegrar ógnar við almannaheill.	Já, tilkynna strax viðkomandi heilbrigðiseftirliti, Umhverfisstofnun eða Geislavörnum ríkisins ef geislun eða hópáhrif vegna eitrunar í umhverfi.

Tilkynningarskyldur sjúkdómur	Greining sjúkdóms/sýkils og skýringar	Sérstök tilmæli varðandi tilkynningu til sóttvarnalæknis	þarf læknir sem greinir tilfelli að rekja smitleiðir? (smitrakning og/eða uppruni smits) <i>Sjá skilgreiningar á bls. 2</i>	þarf að tilkynna heilbrigðiseftirliti sveitarfélags?
Breiðvirkir beta-laktamasamyndandi sýklar (BBL)	Nægir að rannsóknarstofur tilkynni til sóttvarnalæknis		Nei. Athugið að sýkingavarnadeild stofnunar getur krafist rakningar meðal heilbrigðisstarfsmanna eða skjólstaðinga í samræmi við ráðleggingar sóttvarnalæknis .	Nei
Candida auris sýking	Staðfest með C. auris ræktun af húð, í blóði eða þvagi	Ferðasaga m.t.t. dvalar á sjúkrahúsum erlendis	Nei. Athugið að sýkingavarnadeild stofnunar getur krafist rakningar meðal heilbrigðisstarfsmanna eða skjólstaðinga í samræmi við ráðleggingar sóttvarnalæknis .	Nei
Chikungunya veirusýking	Nægir að rannsóknastofur tilkynni til sóttvarnalæknis.		Nei	Nei
Creutzfeldt Jakobs veiki og afbrigði (vCJD; variant Creutzfeldt Jakobs disease)	Klínísk greining skv. evrópskri skilgreiningu . Athugið á aðeins við um grun um eða staðfestan áunninn sjúkdóm, ekki arfgeng form.	Búseta erlendis (dvalarstaður og tímabil) mikilvægar upplýsingar. Fjölskyldusaga heilabilunar ef við á.	Nei, ekki smittrakning en aðstæður skipta máli	Já, ef innlent smit vCJD
Enteróhemórrhagísk E.coli sýking (verotoxigenic E. coli infection)	Staðfest með sýklarannsókn. Allir verotoxin-myndandi stofnar E. coli eru tilkynningarskyldir, óháð O týpu.	Hemólýtískt úremískt heilkenni er klínísk greining og á að koma fram ef við á	Nei, ekki smittrakning en mjög mikilvægt að finna uppruna smits. Þannig gott að finna fleiri einstaklinga til að finna uppruna smits.	Já, ef innlent smit og/eða hópsýking

Tilkynningarskyldur sjúkdómur	Greining sjúkdóms/sýkils og skýringar	Sérstök tilmæli varðandi tilkynningu til sóttvarnalæknis	Þarf læknir sem greinir tilfelli að rekja smitleiðir? (smitrakning og/eða uppruni smits) <i>Sjá skilgreiningar á bls. 2</i>	Þarf að tilkynna heilbrigðiseftirliti sveitarfélags?
Gíardíasýking (giardiasis)	Nægir að rannóknarstofur tilkynni til sóttvarnalæknis. Jafnan sýklarannsókn en stundum greint í speglun.		Nei	Já, ef hópsýking
Gulusótt (yellow fever)	Greining staðfest af rannsóknarstofu í veirufræði	Heilkenni, saga um ferðalög og bólusetningu við gulusótt mjög mikilvæg. Þarf að tilkynna í síma 5101933 vegna mögulegra alþjóðlegra áhrifa.	Nei, ekki smittrakning en uppruni smits mjög mikilvægur	Nei
Haemophilus influenzae sýking, ífarandi	Staðfest með sýklarannsókn í blóði, vefjum, lið-eða mænuvökva. Þarf að gefa nánustu aðstandendum fyrirbyggjandi sýklalyf.	Æskilegt að fram komi upplýsingar um birtingarmynd sjúkdóms, ferðalög og HiB bólusetningu.	Nei, ekki smittrakning en uppruni getur skipt máli. Hér þarf að finna út hverjir eiga að fá forvarnarbólusetningu í umhverfi.	Nei
Hettusótt (mumps)	Klínísk greining sem þarf að staðfesta með veirurannsóknnum.	Einkenni/fylgikvillar og upplýsingar um bólusetningar þurfa að koma fram.	Já, smittrakning frá upprunatilfelli til að meta áhættu einstaklinga í umhverfi og efla bólusetningar. Ef innlent eða erlent smit.	Nei
Hérasótt (tularemia; sýkingar vegna <i>Francisella tularensis</i>)	Klínísk greining studd af sýklarannsóknnum.	Ferðasaga og snerting/umgengni við dýr mikilvæg.	Nei, ekki smittrakning en rekja uppruna smits. Aðstæður	Já, ef innlent smit

Tilkynningarskyldur sjúkdómur	Greining sjúkdóms/sýkils og skýringar	Sérstök tilmæli varðandi tilkynningu til sóttvarnalæknis	þarf læknir sem greinir tilfelli að rekja smitleiðir? (smitrakning og/eða uppruni smits) <i>Sjá skilgreiningar á bls. 2</i>	þarf að tilkynna heilbrigðiseftirliti sveitarfélags?
	þarf að hafa í huga viðeigandi viðbragðsáætlanir Landspítala og sóttvarnalæknis/almannavarna vegna möguleika á tengslum við hryðjuverk.	Ef grunur um hryðjuverk þarf að tilkynna til 112.	smits og ef atvik þá aðrir sem eiga útsetningu sameiginlega.	
HIV-sýking	Ný greining hérlendis er alltaf tilkynningarskyld, jafnvel þótt sjúklingur hafi þekkt smit og sé á meðferð við komu til landsins.	Taka skal fram hvort er talið innlent eða erlent smit. Æskilegt að CD4 talning og dagsetning komi fram.	Já, ef læknir sem greinir getur ekki framkvæmt smit-rakningu er hann ábyrgur fyrir tilvísun á viðeigandi göngudeild (alltaf æskilegt að læknir ráðfæri sig við göngudeild smitsjúkdóma Landspítala).	Nei
Hlaupabóla (varicella)	Nægir að tilkynna sóttvarnalækni ef sjúklingur er lagður inná sjúkrahús.	Bólusetningarstaða	Nei	Nei
Holdsvæiki (leprosy/Hansen's disease)	Klínísk greining/vefjagreining	Taka skal fram hvort er talið innlent eða erlent smit (dvalarstaður og tímabil erlendis).	Nei	Nei
Huldusótt (Q-fever; sýkingar vegna <i>Coxiella burnetti</i>)	Klínísk greining studd af rannsóknum	Ferðasaga og snerting /umgengni við dýr mikilvæg. Æskilegt að smitland og einkenni komi fram. Ef	Nei, en ef grunur um hryðjuverk þarf að finna aðra útsetta	Já, ef innlent smit

Tilkynningarskyldur sjúkdómur	Greining sjúkdóms/sýkils og skýringar	Sérstök tilmæli varðandi tilkynningu til sóttvarnalæknis	þarf læknir sem greinir tilfelli að rekja smitleiðir? (smitrakning og/eða uppruni smits)	þarf að tilkynna heilbrigðiseftirliti sveitarfélags?
		grunur um hryðjuverk þarf að tilkynna til 112.		
Inflúensa	Nægir að rannóknarstofur tilkynni til sóttvarnalæknis. Fyrstu tilfelli í heimsfaraldri þarf að tilkynna.		Nei	Já- ef fuglainflúensa (avian influenza)
Kampýlóbaktersýking (Campylobacter enteritis)	Sýklarannsókn (yfirleitt saurræktun)	Ferðalög innan- eða utanlands og neyslusaga matvæla geta verið mikilvæg (svína- eða fuglakjöt, neysla yfirborðsvatns). Tengsl við hópsýkingu þurfa að koma fram ef við á.	Nei, ekki smittrakning en uppruni smits og önnur tilfelli í fjölskyldu	Já, ef hópsýking
Kíghósti (pertussis)	Almennt greint með sýklarannsókn. Getur verið klínísk greining, sérstaklega í faraldri/hópsýkingu. Þarf að meta þörf nánustu aðstandenda fyrir sýklalyf eða bólusetningu.	þarf að tilkynna hvert tilfelli fyrir sig, ekki nóg að tilkynna eitt tilfelli í fjölskyldu ef fleiri eru með kíghóstaeinkenni. Upplýsingar um bólusetningu.	Nei, ekki smittrakning, en mikilvægt að finna þá sem þarf að verja sérstaklega á heimili og í umhverfi sjúklings.	Nei
Klamydíusýking (chlamydia trachomatis)	Sýklarannsókn. Athugið að kröfur rannsóknarstofu varðandi sýni geta verið ólíkar fyrir konur eða karla. Tilkynna skal allar sjúkdómsmyndir klamydíu: Kynsjúkdóma (þ.m.t.	Æskilegt að fram komi hvort meðferð hafi verið gefin um leið og sýni var sent í rannsókn	Já, smittrakning ef kynsjúkdómur. Einnig smittrakning ef sýking hjá nýbura. Ef læknir sem greinir	Nei

Sjá skilgreiningar á bls. 2

Tilkynningarskyldur sjúkdómur	Greining sjúkdóms/sýkils og skýringar	Sérstök tilmæli varðandi tilkynningu til sóttvarnalæknis	Þarf læknir sem greinir tilfelli að rekja smitleiðir? (smitrakning og/eða uppruni smits) <i>Sjá skilgreiningar á bls. 2</i>	Þarf að tilkynna heilbrigðiseftirliti sveitarfélags?
	klamydíueitlafár/LGV), lungnabólgu, augnsýkingar.		getur ekki framkvæmt smit-rakningu er hann ábyrgur fyrir tilvísun á viðeigandi göngudeild (Göngud. húð- og kynsjúkdóma Landspítala).	
Kólera og kólerulíkar sýkingar (vibriosis og líkir sýkingavaldar; iðrasýkingar vegna <i>Vibrio cholerae</i>)	Sýklarannsókn. Einkenni ráða hvort sýkillinn er tilkynningarskyldur (sárasýkingar vegna <i>Vibrio</i> tegunda annarra en <i>V. cholerae</i> eru ekki tilkynningarskyldar).	Ferðasaga mikilvæg. Tengsl við hópsýkingu þurfa að koma fram ef við á.	Nei, ekki smittrakning en aðstæður við smit mjög mikilvægar upplýsingar	Já, ef innlent smit
Kórónuveira SARS-CoV-2 (COVID-19)	Nægir að rannóknarstofur tilkynni til sóttvarnalæknis.		Nei	Nei
Kórónuveirur SARS-CoV, MERS	Veirurannsókn	Þarf að tilkynna fyrstu tilfelli héraendis í síma 5101933 vegna mögulegra alþjóð-legra áhrifa. Ferðasaga og snerting við dýr.	Já	Já, ef innlent smit
Launsporasýking (<i>Cryptosporidium</i> infection)	Nægir að rannóknarstofur tilkynni til sóttvarnalæknis. (Jafnan sýklarannsókn en stundum greint í speglun).	Getur smitast milli manna, sérstaklega í dagvistun bleiubarna, þar getur þurft að leita uppruna.	Nei, ekki smittrakning en getur þurft að leita að uppruna, sérstaklega í dagvistun bleiubarna.	Já, ef hópsýking.

Tilkynningarskyldur sjúkdómur	Greining sjúkdóms/sýkils og skýringar	Sérstök tilmæli varðandi tilkynningu til sóttvarnalæknis	þarf læknir sem greinir tilfelli að rekja smitleiðir? (smitrakning og/eða uppruni smits) <i>Sjá skilgreiningar á bls. 2</i>	þarf að tilkynna heilbrigðiseftirliti sveitarfélags?
Legíónellusýking (legionellosis)	Sýklarannsókn.	Ferðasaga mjög mikilvæg , heilkenni líka mikilvægt (pontiacsótt eða lungna-bólga).	Nei, ekki smittrakning en mjög mikilvægt að finna uppruna smits og hvort fleiri hafi veikst í kringum sjúkling.	Já, ef innlent smit. Já, ef hópsýking.
Lekandi (gonorrhæa)	Sýklarannsókn. Æskilegt að ræktun m.t.t. lekanda sé gerð áður en meðferð er gefin ef hægt er, vegna vaxandi sýklalyfjaónæmis.	Æskilegt að lyfjameðferð sé tilgreind	Já, smittrakning. Ef læknir sem greinir getur ekki framkvæmt smittrakningu er hann ábyrgur fyrir tilvísun á viðeigandi göngudeild (Göngud. húð- og kynsjúkdóma Landspítala).	Nei
Lifrabólga A (hepatitis A)	Staðfest með veirurannsókn	Ferðasaga, neyklusaga matvæla og kynhegðun geta skipt máli. Æskilegt að komi fram ef einstaklingur hefur verið bólusetur við lifrabólgu A.	Já, smittrakning heimilisfólks og rekkjunautar m.t.t. bólusetningar eða greiningar og leiðbeininga um takmörkun smits til annarra. Kemur til greina að beita hringbólusetningu t.d. á vinnustað/í skóla.	Já, ef innlent smit
Lifrabólga B (hepatitis B)	Staðfest með veirurannsókn	Mikilvægt að komi fram hvort er talið innlent eða erlent smit, bráð eða langvinn sýking. Smitleið mikilvæg, sérstaklega ef smit frá móður til barns. Æskilegt að komi fram ef einstaklingur	Já, smittrakning. Ef læknir sem greinir getur ekki framkvæmt smittrakningu er hann ábyrgur fyrir tilvísun á viðeigandi göngudeild til rakningar, mats og eftirlits	Nei

Tilkynningarskyldur sjúkdómur	Greining sjúkdóms/sýkils og skýringar	Sérstök tilmæli varðandi tilkynningu til sóttvarnalæknis	þarf læknir sem greinir tilfelli að rekja smitleiðir? (smitrakning og/eða uppruni smits) <i>Sjá skilgreiningar á bls. 2</i>	þarf að tilkynna heilbrigðiseftirliti sveitarfélags?
		hefur verið bólusettur við lifrabólgu B.	(Göngud. smitsjúkdóma Landspítala).	
Lifrabólga C (hepatitis C)	Staðfest með veirurannsókn	Mikilvægt að komi fram hvort er talið innlent eða erlent smit. Smitleið mikilvæg, sérstaklega ef smit frá móður til barns.	Já, smittrakning. Ef læknir sem greinir getur ekki framkvæmt smittrakningu er hann ábyrgur fyrir tilvísun á viðeigandi göngudeild til rakningar, mats, meðferða og eftirlits (Göngud. smitsjúkdóma Landspítala).	Nei
Lifrabólga D (hepatitis D)	Staðfest með veirurannsókn (deltaveira)	Æskilegt að komi fram ef einstaklingur hefur verið bólusettur við lifrabólgu B. Þarf að tilkynna lifrabólgu B smit líka ef ekki áður gert.	Já, smittrakning. Ef læknir sem greinir getur ekki framkvæmt smittrakningu er hann ábyrgur fyrir tilvísun á viðeigandi göngudeild til rakningar, mats og eftirlits (Göngud. smitsjúkdóma Landspítala).	Nei
Lifrabólga E (hepatitis E)	Staðfest með veirurannsókn. (hepaveira)	Ferðasaga, snerting/ umgengni við dýr, sérstaklega svín, og upplýsingar um neyslu matvæla, mikilvægt.	Já, smittrakning. Ef læknir sem greinir getur ekki framkvæmt smittrakningu er hann ábyrgur fyrir tilvísun á viðeigandi göngudeild til	Já, ef innlent smit

Tilkynningarskyldur sjúkdómur	Greining sjúkdóms/sýkils og skýringar	Sérstök tilmæli varðandi tilkynningu til sóttvarnalæknis	þarf læknir sem greinir tilfelli að rekja smitleiðir? (smitrakning og/eða uppruni smits) <i>Sjá skilgreiningar á bls. 2</i>	þarf að tilkynna heilbrigðiseftirliti sveitarfélags?
			rakningar, mats og eftirlits (Göngud. smitsjúkdóma Landspítala).	
Listeríusýking (listeriosis)	Sýklarannsókn	Æskilegt að komi fram dvöl erlendis á meðgöngutíma sýkingar (2-3 mán) ef við á. Æskilegt að komi fram ef kona er barnshafandi, útkoma þungunar og ónæmisbæling ef við á. Ef vitað um neyslu matvæla sem hafa verið tengd listeríu-smiti skal það koma fram.	Nei	Já, ef hópsýking og/eða talið tengjast tilteknum matvælum: T.d. mjúkir og ógerilsneyddir ostar, kaldreyktur og grafinn lax, niðursneitt kjötálegg, kæfum, niðurskornum ávöxtum og tilbúnum salötum, þurrkuðum og reyktum pylsum.
Lyssaveirusýking (hundaæði; rabies)	Klínísk greining/vefjagreining	Ferðasaga, bitin af dýri og snerting við dýr (gæludýr eða villt spendýr, sérstaklega leðurblökur) mikilvæg. þarf að tilkynna innlend tilfelli í síma 5101933 ef sterkur grunur vegna sóttvarna-viðbragða.	Nei, ekki smittrakning en hér eru aðstæður smits mjög mikilvægar, voru fleiri útsettir o.s.frv.	Já, ef innlent smit
Lömunarveiki (mænusótt með lömun; acute poliomyelitis)	Staðfest með veirurannsókn	þarf að tilkynna í síma 5101933. Æskilegt að fram komi upplýsingar um	Já, smittrakning. Þarf að senda saurýni frá nánustu	Já, ef innlent smit

Tilkynningarskyldur sjúkdómur	Greining sjúkdóms/sýkils og skýringar	Sérstök tilmæli varðandi tilkynningu til sóttvarnalæknis	Þarf læknir sem greinir tilfelli að rekja smitleiðir? (smitrakning og/eða uppruni smits) <i>Sjá skilgreiningar á bls. 2</i>	Þarf að tilkynna heilbrigðiseftirliti sveitarfélags?
		birtingarmynd sjúkdóms, ferðalög og bólusetningu.	aðstandendum hvort sem þeir hafa einkenni eða ekki.	
Malaría (malaria)	Nægir að rannóknarstofur tilkynni til sóttvarnalæknis		Nei	Nei
Meningókokkasjúkdómur, ífarandi	Sýklarannsókn. Þarf að gefa nánustu aðstandendum fyrirbyggjandi sýklalyf.	Æskilegt að fram komi upplýsingar um birtingarmynd sjúkdóms, ferðalög og bólusetningu	Nei, ekki smittrakning en upplýsingar um aðstæður smits mjög mikilvægar og eins útsetning annarra	Nei
Meticillín ónæmur Staphylococcus aureus (MÓSA; MRSA)	Nægir að rannóknarstofur tilkynni til sóttvarnalæknis		Nei. Athugið að sýkingavarnadeild stofnunar getur krafist rakningar meðal heilbrigðisstarfsmanna eða skjólstæðinga í samræmi við ráðleggingar sóttvarnalæknis .	Nei
Miltisbrandur (anthrax; sýkingar vegna <i>Bacillus anthracis</i>)	Klínísk greining studd af sýklarannsóknnum. Þarf að hafa í huga viðeigandi viðbragðsáætlanir Landspítala og sóttvarnalæknis/almannavarna vegna möguleika á tengslum við hryðjuverk.	Þarf að tilkynna 112 ef grunur um hryðjuverk. Þarf að tilkynna tilfelli í síma 5101933 ef sterkur grunur vegna sóttvarna- og almannavarnaviðbragða. Æskilegt að fram komi upplýsingar um birtingarmynd sjúkdóms, ferðalög og snertingu við dýr/afurðir.	Nei, en mikilvægt eru aðstæður smits og útsetning annarra	Já

Tilkynningarskyldur sjúkdómur	Greining sjúkdóms/sýkils og skýringar	Sérstök tilmæli varðandi tilkynningu til sóttvarnalæknis	þarf læknir sem greinir tilfelli að rekja smitleiðir? (smitrakning og/eða uppruni smits) <i>Sjá skilgreiningar á bls. 2</i>	þarf að tilkynna heilbrigðiseftirliti sveitarfélags?
Mislingar (measles)	Getur verið klínísk greining í faraldri en æskilegt að öll tilfelli séu staðfest með veirurannsókn þar sem veiran er ekki landlæg á Íslandi	þarf að tilkynna tilfelli í síma 5101933 ef sterkur grunur vegna sóttvarnaviðbragða. Æskilegt að fram komi upplýsingar um birtingarmynd sjúkdóms/fylgikvilla, ferðalög og sögu um bólusetningu.	Já, smittrakning til að finna útsetta og bjóða bólusetningu	Nei
Mítílbörin heilabólga (tick-borne viral encephalitis)	Klínísk greining studd af mótetnamæling í blóði og/eða mænuvökva	Ferðasaga, innlent eða erlent smit. Þekkt mítlabit.	Nei	Nei
MPX veirusýking (mpox)	Sýnataka frá vökva úr blöðru á húð eða sári í veirurannsókn (PCR). Sýnataka alltaf í samráði við vakthafandi smitsjúkdómalækni.	Ferðasaga, innlent eða erlent smit. Bólusetningarstaða.	Já, smittrakning í samráði við göngudeild smitsjúkdóma Landspítala	Nei

Tilkynningarskyldur sjúkdómur	Greining sjúkdóms/sýkils og skýringar	Sérstök tilmæli varðandi tilkynningu til sóttvarnalæknis	þarf læknir sem greinir tilfelli að rekja smitleiðir? (smitrakning og/eða uppruni smits)	þarf að tilkynna heilbrigðiseftirliti sveitarfélags?
Óvæntir atburðir sem ógnað geta heilsu manna og eru bráð ógn við lýðheilsu (unexpected events with potential public health implications)	Hver sá atburður (mögulega af óljósum orsökum) sem talið er að ógni almannaheill. Hópsýkingar , t.d. nóróveiru-sýkingar sem annars eru ekki tilkynningarskyldar á einstaklingsgrundvelli. Hryðjuverk geta fallið undir þennan flokk, jafnvel þótt sýkill/ógn sé ekki tilkynningarskyld(ur) á grundvelli stakra tilfella (<i>Burkholderia mallei</i> o.fl.)	þarf að tilkynna 112 ef grunur um hryðjuverk. Þarf að tilkynna alvarleg atvik í síma 5101933 vegna mats m.t.t. almannavarna-viðbragða . Brýnt er að tilkynnt sé um hvert tilvik og fram komi eins mikið af upplýsingum um hlutaðeigandi aðila og tilurð atviks eins og hægt er.	Nei	Já, ef hópsýking
Pneumókokkasýking, ífarandi	Staðfest með sýklarannsókn. í blóði, vefjum, lið-eða mænuvökva. Staðsetning sýkingar segir til um hvort er tilkynningarskyld (blóð, bein, liður, mænuvökvi).	Æskilegt að komi fram hvort einstaklingur hafi verið bólusetur gegn pneumokokkum og gerð bóluefnis ef mögulegt er	Nei	Nei
Rauðir hundar (einnig meðfæddir) (rubella)	Getur verið klínísk greining í faraldri en æskilegt að öll tilfelli séu staðfest með veirurannsókn <i>þar sem veirunni hefur verið útrýmt á Íslandi</i>	Mikilvægt að komi fram ef barnshafandi og tilkynna þarf áhrif sýkingar á barnið þegar þau koma í ljós. Æskilegt að fram komi upplýsingar um ferðalög og bólusetningu.	Nei, ekki ef erlent smit og óbólusetur einstaklingur. Ef hinsvegar kemur upp smit þar sem margir koma saman sérstaklega óbólusettir þarf að rekja smit til að beita forvörnum.	Nei

Sjá skilgreiningar á bls. 2

Tilkynningarskyldur sjúkdómur	Greining sjúkdóms/sýkils og skýringar	Sérstök tilmæli varðandi tilkynningu til sóttvarnalæknis	þarf læknir sem greinir tilfelli að rekja smitleiðir? (smitrakning og/eða uppruni smits) <i>Sjá skilgreiningar á bls. 2</i>	þarf að tilkynna heilbrigðiseftirliti sveitarfélags?
Ristill (herpes zoster)	Nægir að tilkynna sóttvarnalækni ef sjúklingur er lagður inná sjúkrahús		Nei	Nei
Rótaveirusýking	Nægir að tilkynna sóttvarnalækni ef sjúklingur er lagður inná sjúkrahús		Nei	Nei
RS veirusýking (RSV)	Nægir að rannóknarstofur tilkynni til sóttvarnarlæknis		Nei	Nei
Salmonellusýking	Sýklarannsókn. Ef sjúklingur starfar í matvælaíðnaði, er heilbrigðisstarfsmaður eða er barn í dagvistun mega snúa aftur til vinnu eða í dagvist að uppfylltum ákveðnum skilyrðum (velja salmonella).	Saga um ferðalög mikilvæg ef kemur til leit að uppruna milli landa. Upplýsingar um neyslu matvæla er mikilvæg. Tengsl við hópsýkingu þurfa að koma fram ef við á.	Nei	Já, ef hópsýking eða ef sjúklingur starfar í matvælaíðnaði

Tilkynningarskyldur sjúkdómur	Greining sjúkdóms/sýkils og skýringar	Sérstök tilmæli varðandi tilkynningu til sóttvarnalæknis	Þarf læknir sem greinir tilfelli að rekja smitleiðir? (smitrakning og/eða uppruni smits) <i>Sjá skilgreiningar á bls. 2</i>	Þarf að tilkynna heilbrigðiseftirliti sveitarfélags?
Sárasótt (syphilis)	Sýklarannsókn	Mikilvægt að komi fram hvort er talið innlent eða erlent smit. Smitleið mikilvæg. Þarf að koma fram ef barnshafandi og tilkynna sérstaklega ef sýkingin hefur neikvæð áhrif á þungun eða barnið eftir fæðingu. Stig sýkingar og birting (dulin, harðsæri, taugakerfissýking o.s.frv.) þarf að fylgja.	Já, smittrakning. Ef læknir sem greinir getur ekki framkvæmt smittrakningu er hann ábyrgur fyrir tilvísun á viðeigandi göngudeild (Göngud. húð- og kynsjúkdóma eða göngud. smitsjúkdóma Landspítala). Æskilegt að læknir ráðfæri sig alltaf við göngudeild.	Nei
Shígellusýking (shigellosis)	Sýklarannsókn. Mjög smitandi milli manna.	Saga um ferðalög mikilvæg. Athuga þarf sérstaklega ef smitaður sækir leikskóla eða dagvistun. Þarf að koma fram ef tengsl við hópsýkingu. Mikilvægt að greina bakteríu m.t.t sýklalyfjaónæmis.	Já, smittrakning meðal heimilisfólks og rekkjunauta	Já, ef hópsýking
Stífkrampi (tetanus)	Klínísk greining. Mögulega blóðvatnspróf ef ekki bólusettur.	Einkenni eiga að fylgja og smitleið ef nýburi. Mikilvægt að fram komi hvort er talið innlent eða erlent smit. Saga um bólusetningu gegn stífkrampa mjög mikilvæg.	Nei	Nei

Tilkynningarskyldur sjúkdómur	Greining sjúkdóms/sýkils og skýringar	Sérstök tilmæli varðandi tilkynningu til sóttvarnalæknis	þarf læknir sem greinir tilfelli að rekja smitleiðir? (smitrakning og/eða uppruni smits) <i>Sjá skilgreiningar á bls. 2</i>	þarf að tilkynna heilbrigðiseftirliti sveitarfélags?
Streptókokkasýking, ífarandi (invasive <i>Streptococcus pyogenes</i>)	Staðfest með sýklarannsókn í blóði, vefjum, lið-eða mænuvökva og /eða jákvæð PCR rannsókn og klínísk greining. Þarf að gefa nánustu aðstandendum fyrirbyggjandi sýklalyf.	Smitleið, birtingarmynd sjúkdóms og fylgikvillar. Ferðasaga.	Nei	Nei
Sullaveiki (echinococcosis)	Klínísk greining með rannsóknnum sem ekki eru almennt tilkynntar til sóttvarnalæknis (myndgreining og vefjarannsóknir)	Ferðasaga og snerting og umgengni við dýr (sérstaklega hunda og úrgang þeirra) mikilvæg	Nei, ekki smittrakning en aðstæður mikilvægar og uppruni smits s.s. tilefni til að leita að fleiri tilfellum í tilteknum aðstæðum	Já, ef innlent smit
Svartidauði (plague; sýkingar vegna <i>Yersinia pestis</i>)	Klínísk greining studd af sýklarannsóknnum. Þarf að hafa í huga að viðeigandi viðbragðsáætlunum Landspítala og sóttvarnalæknis/ almannavarna vegna möguleika á tengslum við hryðjuverk.	Þarf að tilkynna 112 ef grunur um hryðjuverk. Þarf að tilkynna í síma 5101933 vegna sóttvarnaviðbragða. Saga um ferðalög og snertingu og umgengni við dýr eða veika einstaklinga mikilvæg.	Já, smittrakning ef grunur um hryðjuverk eða lungnapest. Mikilvægt að finna uppruna ef ekki grunur um smit frá dýrum eða dýraafurðum.	Já, ef innlent smit
Sýkingar tengdar heilbrigðisþjónustu (Healthcare Associated Infections)	Klínísk greining studd af rannsóknastofugreiningu	Erlent eða innlent smit, tegund heilbrigðisþjónustu	Nei	Nei

Tilkynningarskyldur sjúkdómur	Greining sjúkdóms/sýkils og skýringar	Sérstök tilmæli varðandi tilkynningu til sóttvarnalæknis	þarf læknir sem greinir tilfelli að rekja smitleiðir? (smitrakning og/eða uppruni smits)	þarf að tilkynna heilbrigðiseftirliti sveitarfélags?
Taugasjúkdómur vegna borrelia burgdorferi (lyme neuroborreliosis)	Klínísk greining studd af mótefnamælingu	Ferðasaga, innlent eða erlent smit. Þekkt mítlasmit/mítlabit.	Nei	Nei
Taugaveiki/taugaveikibróðir (typhoid fever)	Nægir að rannóknarstofur tilkynni til sóttvarnalæknis	Ferðasaga, innlent eða erlent smit		Já, ef innlent smit
Toxóplasmásýking (bogfrymilssýking; toxoplasmosis)	Klínísk greining studd af sýkla- eða vefjarannsókn. Ath! Getur verið forsenda fyrir greiningu alnæmis hjá einstaklingi með þekkta eða óþekkta HIV-sýkingu.	Mikilvægt að saga og einkenni sjúklings fylgi. Ef upplýsingar um smitleið liggja fyrir er gott að þær fylgi. Sérlega mikilvægt að fram komi ef barnshafandi og þá áhrif sýkingarinnar á fóstur/barn.	Nei	Nei
Tríkínusýking (trichinellosis)	Klínísk greining studd af myndgreiningu eða vefjarannsókn.	Ferðasaga mikilvæg. Saga um neyslu hrás kjöts eða snertingu við villt dýr mikilvæg.	Nei	Já, ef innlent smit
Vankómýsín ónæmir enterókokkar (VRE)	Nægir að rannóknarstofur tilkynni til sóttvarnalæknis. Sýklarannsókn.		Nei. Athugið að sýkingavarnadeild stofnunar getur krafist rakningar meðal heilbrigðisstarfsmanna eða skjólstæðinga í samræmi við ráðleggingar sóttvarnalæknis .	Nei

Tilkynningarskyldur sjúkdómur	Greining sjúkdóms/sýkils og skýringar	Sérstök tilmæli varðandi tilkynningu til sóttvarnalæknis	þarf læknir sem greinir tilfelli að rekja smitleiðir? (smitrakning og/eða uppruni smits) <i>Sjá skilgreiningar á bls. 2</i>	þarf að tilkynna heilbrigðiseftirliti sveitarfélags?
Vesturnílarveirusótt (West Nile virus)	Klínísk greining studd af rannsóknnum. Nægir að rannóknarstofur tilkynni til sóttvarnalæknis.	Ferðasaga afar mikilvæg vegna sérstakrar vöktunar í Evrópuríkjum.	Nei	Nei
Zíkaveirusýking, áunnin eða meðfædd	Klínísk greining studd af veirurannsókn	Ferðasaga mikilvæg. Smitland. Sérlega mikilvægt að fram komi ef barnshafandi og þá áhrif sýkingarinnar á fóstur/barn.	Já, smittrakning ef ekki tenging við ferðasögu frá þekktu smitlandi	Nei
Öldusótt (brucellosis; sýking vegna <i>Brucella sp.</i>)	Klínísk greining studd af sýklarannsóknnum	þarf að tilkynna 112 ef grunur um hryðjuverk. Upplýsingar um sögu og sjúkdómsmynd sjúklings þurfa að fylgja. Atvinna, ferðalög og snerting/ umgengni við dýr mikilvægar upplýsingar.	Já, smittrakning ef smit innanlands eða grunur um hryðjuverk. Ekki þörf á smittrakningu ef smit erlendis.	Já, ef innlent smit